

Selfossi, 18. febrúar 2021

Kæru foreldrar / forráðamenn barna í Stekkjaskóla.

Bréf þetta fá foreldrar/forráðamenn sem eiga börn í skólahverfi Stekkjaskóla og fara í 1.-4. bekk næsta skólaár. Með því viljum við Hilmar Björgvinsson skólastjóri og Ástrós Rún Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri Stekkjaskóla upplýsa ykkur um nokkra þætti.

### **Stekkjaskóli í átt til framtíðar**

Eins og kunnugt er opnar nýr grunnskóli á Selfossi, Stekkjaskóli, næsta haust. Skólinn verður kærkominn inn í okkar góða samfélag sem fer ört stækkandi. Það veitir svo sannarlega ekki af því að opna nýjan skóla því Sunnulækjarskóli er með mun fleiri nemendur en skólinn er byggður fyrir og í Vallaskóla hafa lausar kennslustofur skapað möguleika á tímabundinni nemendafjölgun. Í Sunnulækjarskóla eru nú 737 nemendur og í Vallaskóla eru 634 nemendur.

Undirbúningur að stofnun Stekkjaskóla hófst formlega í september 2017 með stofnun vinnuhóps vegna hugmynda- og undirbúningsvinnu. Frá þessum tíma hefur verið unnið sleitulaust að undirbúningi er varðar hugmyndafræði og hönnun skólans. Hér verður gerð stutt grein fyrir áherslupáttum skólans, húsnæði og skólalóð.

### **Áherslur og kennslufyrirkomulag**

Náms- og kennsluhættir í grunnskólum hafa tekið miklum breytingum í gegnum tíðina. Þeir verða stöðugt fjölbreyttari og hefur tækniþróun stuðlað að nýsköpun í námi og kennslu. Nemendur sitja saman að fjölbreyttum verkefnum hér og þar í kennslurýminu og vinna ýmist einslega, í pörum eða hópum. Kennarastarfið er ekki lengur einyrkjastarf þar sem kennarinn miðlar til nemenda sinna í lokaðri kennslustofu heldur er hann í miklu samstarfi við aðra kennara sem vinna oft saman með hóp nemenda sem færast á milli vinnusvæða eftir ákveðnu skipulagi.

Teymiskennsla er heiti yfir kennsluhætti þar sem tveir eða fleiri kennarar vinna saman með nemendahóp og bera sameiginlega ábyrgð á honum. Teymiskennsla og teymisvinna er í takt við

hugmyndafræði lærdómssamfélagsins og byggir upp traust og samstarfshugsun. Þá er afar mikilvægt að allt skólasamfélagið taki þátt í stefnumótunarvinnunni. Við munum vinna að því að móta endanlega áherslupætti Stekkjaskóla með starfsfólki, nemendum og foreldrum. Þeir þættir sem við, stjórnendur skólans, munum leggja áherslu á eru auk teymiskennslu og teymisvinnu m.a. fjölbreyttir kennsluhættir, lýðræðislegir starfshættir, jákvæð skólamenning, gott samstarf heimila og skóla, útinám og list- og verkgreinar.

Smiðjur í list- og verkgreinum munu verða fjölbreyttar og á næsta skólaári er ætlunin að hafa m.a. myndmennt, textílmenn, tónmennt, hönnun og handverk og vonandi margt fleira spennandi. Við munum sem sé leggja áherslu á skapandi greinar og vonandi fáum við m.a. tónmenntakennara í okkar raðir. Í næstu viku auglýsum við kennarastöður og aðrar stöður við skólann. Endanleg samsetning á smiðjum verður unnin í samráði við þá kennara sem ráðnir verða til starfa.

Við mótun skólastefnu Stekkjaskóla verður Aðalnámskrá grunnskóla, Menntastefna Árborgar og skýrsla undirbúningshóps hafðar að leiðarljósi. Sjá nánar hér: [Skýrsla undirbúningshóps, Menntastefna Árborgar](#)

### **Skólahúsnæðið haustið 2021**

Það er ánægjulegt að segja frá því að vinna við færanlegar kennslustofueiningar sem verða notaðar næsta haust er í góðum farvegi. Um er að ræða rúmgóðar kennslustofur sem verða tengdar saman með breiðum og góðum gangi. Gangurinn verður um fjögurra metra breiður og er hluti af skólahúsnæðinu. Þar skapast möguleikar á að vera með ýmis konar stöðvavinnu og blöndun hópa. Nemendahóparnir eru allir með sér inngang við sína heimastofu og ganga þar inn að morgni. Þar er forstofa fyrir fatnað, skó og salerni. Við stjórnendur höfum fengið að vera með í hönnun húsnæðisins þannig að það nýtist skólastarfinu sem best. Þetta verður fínt húsnæði og við munum leggja áherslu á að börnunum ykkar líði vel í skólanum. Það felast mörg tækifæri í því að fá að vera í 150 nemenda skóla þar sem nándin verður þægileg og samstarfið náið á milli allra. Þá má geta þess að fyrirmyndin að húsnæðinu er frá Kársnesskóla í Kópavogi en þar eru allir mjög ánægðir með aðstöðuna.

Sundkennsla verður í Sundhöll Selfoss og íþróttakennsla í Vallaskóla. Nemendur verða keyrðir með skólabílum, einu sinni í viku í sund og einu sinni í viku í íþróttir. Jafnframt verður áhersla á aðra hreyfingu, innandyrna og utan og útinám sem verður samþætt öðrum námsgreinum eins og áður sagði. Nánara skipulag verður unnið í samráði við væntanlega íþróttkennara skólans.

Í Stekkjaskóla verður matsalur með móttökueldhúsi þar sem tekið verður á móti heitum mat.

Á næstunni verður farið að hanna skólalóðina og við skólastjórnendur munum leggja mikla áherslu á að hún verði örugg og með góðum leiktækjum. Við munum kynna skólalóðina betur fyrir ykkur þegar skipulag hennar liggur fyrir. Nú þegar er byrjað að gera göngustíga sem liggja að Stekkjaskóla og er ánægjulegt að sjá að skipulag þeirra gerir ráð fyrir að hjarta hverfisins sé skólinn.

### **Ný skólabygging - fyrsti áfangi tekinn í notkun haustið 2022**

Haustið 2022 verður fyrsti áfanginn af stóru nýju skólabyggingunni tekinn í notkun. Þegar öllum áföngum líkur, verður í henni leikskóli, tónlistarskóli, íþróttahús og grunnskóli. Þegar hönnun skólans er skoðuð er ljóst að þessi skólabygging verður glæsileg í alla staði.

Í fyrsta áfanga verða kennslurými fyrir fjóra árganga, list- og verkgreinastofur, mötuneyti, frístundaaðstaða og starfsmannaaðstaða. Hönnun skólans styður m.a. vel við teymiskennslu. Hver árgangur mun hafa ákveðið opið rými, eina 40 fm kennslustofu, þrjú salerni og tvö 10 fm hópherbergi. Húsnæðið er hannað þannig að hægt verði að koma til móts við þarfir hvers og eins nemanda. Kennslurýmið er hægt að nota fyrir fjölbreytt starf, svo sem innlagnir, hópastarf og sérkennslu. Grunnskólinn er hugsaður fyrir um 500 nemendur, þannig að gert er ráð fyrir um 50 nemendum í árgangi.

### **Skólavefur Stekkjaskóla**

Byrjað er að hanna vef fyrir skólann og látum við ykkur vita þegar hann fer í loftið. Þá gefst tækifæri til að setja inn fréttir af undirbúningi skólans, myndir o.fl.

## Skólastjórnendur

Hilmar er fæddur og uppalinn í Reykjavík en flutti á Selfoss árið 1991. Giftur Sjöfn Marvinsdóttur sem er fædd og uppalin á Selfossi og eiga þau þrjú uppkomin börn og tvö barnabörn. Hilmar útskrifaðist frá KHÍ árið 1987 og er með M.Ed gráðu í stjórnun menntastofnanna og diplóma próf í opinberri stjórnsýslu. Árin 1991-2005 starfaði hann sem kennari og deildarstjóri við grunnskólana á Selfossi, síðan sem skólastjóri í Kerhólsskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi og aðstoðarskólastjóri í Lindaskóla í Kópavogi 2013-2021.

Ástrós er fædd og uppalin í Reykjavík en flutti á Selfoss árið 2005. Hún er gift Gunnari Bjarka Rúnarssyni og eiga þau þrjú börn. Fjölskyldan á líka einn hund. Ástrós er menntaður grunnskólakennari, útskrifaðist frá KHÍ 2005 en hefur auk þess MA gráðu í uppeldis- og menntunarfræðum frá HÍ. Hún hefur starfað hjá Sveitarfélaginu Árborg í 15 ár, fyrst sem grunnskólakennari og síðar sem deildarstjóri í Vallaskóla, fyrir utan eitt ár sem hún starfaði sem verkefnisstjóri hjá fjölskyldusviði Árborgar.

Þess skal getið að á vormánuðum verður deildarstjóri stoðþjónustu ráðinn og bætist þá við stjórnendateymi skólans.

Við ætlum að vera dugleg að upplýsa ykkur reglulega um undirbúning skólstarfsins á næstu vikum og mánuðum. Þegar skólavefurinn fer í loftið verður öll upplýsingargjöf auðveldari.

Endilega verið í sambandi við okkur ef einhverjar spurningar vakna. Fram í lok júní höfum við aðsetur að Austurvegi 69.

Við hlökkum til að fá börnin ykkar í Stekkjaskóla.

Með von um gott og farsælt samstarf á komandi árum,

Hilmar Björgvinsson skólastjóri, [hilmarb@stekkjaskoli.is](mailto:hilmarb@stekkjaskoli.is)

Ástrós Rún Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri, [astros@vallaskoli.is](mailto:astros@vallaskoli.is)